



Reykjavík, 21. apríl 2017

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Alvarleg fjárhagsleg staða Jarðvísindastofnunar Háskólans og dökkar horfur samkvæmt fjármálaáætlun 2018-2022

Jarðvísindastofnun Háskólans (JH) hefur ekki verið beðin um umsögn um þá þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir Alþingi. Þrátt fyrir það viljum við vekja athygli nefndarinnar á afleiðri fjárhagsstöðu JH og dökkum framtíðarhorfum, en árið 2016 var stofnunin rekin með 40 m. kr. halla. Verði fjármálaáætlunin samþykkt óbreytt sjáum við fram á stórfelldan niðurskurð á starfsemi JH og verulega skertri getu hennar til að sinna grunnrannsóknum og bregðast við náttúruhamförum. Eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi fjárhagsnefndar JH er hallinn tilkominn vegna niðurskurðar fjárveitinga frá Norrænu ráðherranefndinni og samningsbundinna launhækkana fastra starfsmanna sem hafa aðeins verið bættar að hluta.

JH er lykilstofnun á sviði jarðvísinda á Íslandi. Innan hennar er rekið Norræna eldfjallasetið þar sem fjöldi norræna vísindamanna og stúdenta hefur stundað rannsóknir um lengri eða skemmri tíma. Stofnunin, ásamt setrinu, hefur komið sterk út í alþjóðlegum úttektum, hefur mikilvæg alþjóðleg tengsl og hefur leitt stór alþjóðleg verkefni í eldfjallafræði og á fleiri sviðum jarðvísinda. JH var komið á fót 2004 þegar Norræna eldfjallastöðin var sameinuð Háskóla Íslands með sérstökum samningi Háskólans, mennta- og menningarmálaráðherra og Norrænu ráðherranefndarinnar og er hún rekin með fjárframlögum frá íslenska ríkinu og Norrænu ráðherranefndinni.

Fáist ekki auknar fjárveitingar til að standa straum af grunnrekstri og launum fastra starfsmanna er vandséð annað en að framundan sé uppsagnir og endalok norræns samstarfs í eldfjallafræði og þar með forystuhlutverks Íslendinga á því sviði. Jafnframt yrði geta okkar til eftirlits og nauðsynlegra rannsókna á eldfjalla- og jarðskjálftavá verulega skert.

Fulltrúar Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands eru boðnir og búnir til viðræðna við fjárlaganefnd til nánari skýringa og upplýsinga ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Jarðvísindastofnunar,

Sigurður Jakobsson,
Formaður stjórnar JH

Magnús Tumi Guðmundsson,
Forseti Jarðvísindadeildar



UNIVERSITY OF ICELAND
INSTITUTE OF EARTH SCIENCES

March 24th 2017

Dr. Jón Atli Benediktsson,
Rector, University of Iceland.

The budget committee of the Institute of Earth Sciences with participation of international NordVulk representatives expresses its concern regarding the future of NordVulk within the Institute of Earth Sciences. The contribution from NMR has been cut substantially several times in the past years and funding from the Icelandic State Budget has not compensated for recent salary increases in Iceland. This has severely hampered scientific activities, staff numbers at the Institute of Earth Sciences have been reduced, the number of young stipendiats at NordVulk has been reduced by two and the NordVulk senior scientist position has been vacant for the last year due to lack of funding. Furthermore, it has now been announced that NMR funding will be reduced by 13% for the fiscal year of 2018.

NordVulk has been recognized as producing cutting edge, world class science in repeated evaluations by international experts, and unless something is done to resolve the financial situation, a very fruitful Nordic cooperation in geological sciences that started with the Nordic Volcanological Institute and has continued within the Institute of Earth Sciences will be reduced so much that its future will be severely threatened.

Sincerely

IES Budget Committee

Sveinþór Björnsson
Christa Tegned
Lárus Rúnar Guðmundsson
Rósa Póla
Jón Ólafur Guðmundsson

Andreas
Kjartan